REGLUR UM LJÓÐSTAF JÓNS ÚR VÖR

1.
Ljóðstafur Jóns úr Vör er árleg ljóðasamkeppni og eru úrslit kunngjörð við sérstaka athöfn sem fram fer á afmælisdegi skáldsins Jóns úr Vör, 21. janúar ár hvert.

2.
Keppnin er haldin undir merkjum Lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar og er ráðið fjárhagslegur bakhjarl keppninnar. Framkvæmd er á hendi starfsmanns eða starfsmanna menningarsviðs Kópavogsbæjar.

3.
Skipan dómnefndar er háð samþykki lista – og menningarráðs. Val dómnefndarmanna skal liggja fyrir 1. júní ár hvert. Dómnefnd er skipuð þremur einstaklingum. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands og einn af forstöðumanni menningarmála í Kópavogi. Gæta skal að aldursbreidd og kynjajafnvægi við skipun nefndar. Dómnefnd skal upplýst um verðlaunafé og tilhögun keppninnar. Formaður nefndarinnar skal sitja í tvö ár hið mesta. Aðrir nefndarmenn skulu sitja í fjögur ár hið mesta.

4.
Keppnin skal auglýst á vef og samfélagsmiðlum Kópavogsbæjar og ekki seinna en 31. ágúst ár hvert. Skilafrestur skal vera minnst 10 vikum áður en verðlaunaathöfn fer fram, í síðasta lagi 12. nóvember ár hvert. Keppnin fyrir grunnskólanema skal vera kynnt nemendum og kennurum fyrir 10. september ár hvert. Fyrir 5. janúar ár hvert skulu úrslit í báðum flokkum liggja fyrir.

5.
Keppnin er öllum opin. Ljóðið skal vera á íslensku og má ekki hafa birst opinberlega áður; í tímariti, bók eða vefriti. Ljóðið skal vera undir dulnefni og með ljóðinu fylgja upplýsingar í lokuðu umslagi eða sambærilegu formi. Þar má finna upplýsingar um höfundinn á bak við ljóðið. Einungis umslög sem tilheyra vinnings- og viðurkenningarljóðum eru opnuð. Öllum öðrum gögnum er eytt.

6.
Dómnefnd velur ljóð sem hljóta 1. 2. og 3. sæti. Ef ekki er eining innan dómnefndar ræður fjöldi atkvæða för. Dómnefnd getur valið ljóð sem hljóta sérstaka viðurkenningu þó að hámarki tíu ljóð.

7.
Peningaverðlaun eru veitt til höfunda sigurljóðanna þriggja – hæst til þess skálds sem hlýtur Ljóðstafinn. Að auki fær handhafi Ljóðstafsins sérhannaðan verðlaunagrip og göngustaf Jóns úr Vör til láns í eitt ár. Á göngustafinn er nafn skáldsins áletrað á silfurskjöld. Höfundur ljóða sem hljóta viðurkenningu fá táknræna viðurkenningu í formi viðurkenningarskjals, blómvandar eða slíks.

8.
Lista- og menningarráð áskilur sér rétt til að birta viðurkenningar- og sigurljóðin á vefsíðu Kópavogsbæjar, á samfélagsmiðlum, í prentuðum smáritum eða með öðrum hætti í tengslum við hátíðina. Komi til formlegrar útgáfu á sigur- og viðurkenningarljóðum skal samið um það sérstaklega við hvern og einn höfund.

9.
Gæta skal að því að kynning á úrslitum sé með viðeigandi hætti og tryggt skal að úrslit berist fjölmiðlum og fréttastofum eins fljótt og unnt er eftir að úrslit hafa verið kunngjörð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 08.11.2026